

Austurbrú ses.
Ársreikningur 2021

Austurbrú ses.
Tjarnarbraut 39e
700 Egilsstaðir

Kt. 640512-0160

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

Austurbrú sjálfseignarstofnun (ses) er stofnuð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands. Stofnfundur stofnunarinnar var þann 8. maí 2012 og tók Austurbrú ses., þann 1. júní 2012 yfir starfsemi, eignir og skuldbindingar þessara stofnana og félaga og daglegan rekstur Sambands sveitarfélaga á Austurlandi (SSA).

Tilgangur Austurbrúar ses. er að vinna að hagsmunamálum íbúa, sveitarfélaga, stofnana og fyrirtækja á Austurlandi og veita samræmda og þverfaglega þjónustu tengda atvinnulífi, menntun og menningu. Austurbrú ses. er í forsvari fyrir þróun atvinnulífs, samfélags, stjórnsýslu háskólanáms, símenntunar, rannsókna, þekkingar- og menningarstarfs á Austurlandi.

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur stofnunarinnar 556 millj. kr. á árinu. Rekstrarniðurstaða var jákvæð um 12 millj. kr á árinu. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir stofnunarinnar 206 millj. kr. og eigið fé í árslok var jákvætt sem nam 79 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar nema 127 millj. kr. og þar af nema skammtímaskuldir 123 millj. kr.

Í ársreikningnum eru upplýsingar um mat á helstu eignum stofnunarinnar og er vísað til ársreikningsins um ráðstöfun rekstrarniðurstöðu og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stofnfé Austurbrúar ses. er 1,6 millj. kr. og skiptist upphaflega á þrjátíu og tvo stofnendur sem hver um sig lagði fram 50 þús. kr. stofnframlag. Frá stofnun hefur stofnaðilum fækkað með sameiningum þeirra og erum í árslok þrjátíu talsins.

Stofnunin ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Stjórn og framkvæmdastjóri Austurbrúar ses. hafa í dag rætt ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2021 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Ársreikningur þessi var samþykktur á stjórnarfundum þann 22. apríl 2022 og undirritaður með rafrænum hætti.

Stjórn:

Einar Már Sigurðarson
Hildur Þórisdóttir
Gauti Jóhannesson
Pálína Margeirsdóttir
Sæunn Stefánsdóttir
Práinn Lárusson
Sigríður Bragadóttir

Framkvæmdastjóri:

Jóna Árný Þórðardóttir

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og eigenda Austurbrúar ses.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Austurbrúar ses. („félagið“) fyrir árið 2021. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2021 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2021, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggrri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Egilsstöðum, 22. apríl 2022.

KPMG ehf.

Magnús Jónsson

Rekstrarreikningur árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrartekjur			
Framlög		188.941.962	187.109.190
Aðrar tekjur	10	366.752.654	271.162.926
		<u>555.694.616</u>	<u>458.272.116</u>
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	11	299.709.967	276.380.853
Annar rekstrarkostnaður		240.085.419	156.088.391
Afskriftir	12	4.336.750	4.311.372
		<u>544.132.136</u>	<u>436.780.616</u>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		11.562.480	21.491.500
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		974.760	2.183.020
Vaxtagjöld		(467.612)	(41.348)
		<u>507.148</u>	<u>2.141.672</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	15	<u>12.069.628</u>	<u>23.633.172</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr.	2021	2020
Eignir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	12	10.360.698	5.972.722
Stofnframlög og eignarhlutir í félögum	13	340.000	340.000
Fastafjármunir		<u>10.700.698</u>	<u>6.312.722</u>
Viðskiptakröfur	14	13.323.380	19.598.557
Aðrar skammtímakröfur		15.227.962	8.046.736
Handbært fé	7	166.509.838	157.226.115
Veltufjármunir		<u>195.061.180</u>	<u>184.871.408</u>
Eignir samtals		<u><u>205.761.878</u></u>	<u><u>191.184.130</u></u>
Eigið fé			
Stofnfé		1.600.000	1.600.000
Óráðstafað eigið fé		77.429.593	65.359.965
Eigið fé	15	<u>79.029.593</u>	<u>66.959.965</u>
Skuldir			
Skuldbinding vegna vaxtasamnings Austurlands		3.903.095	3.903.095
Langtímaskuldir		<u>3.903.095</u>	<u>3.903.095</u>
Viðskiptaskuldir		50.346.350	37.527.821
Fyrirframinnheimtar tekjur		33.516.132	47.439.174
Aðrar skammtímaskuldir		38.966.708	35.354.075
Skammtímaskuldir		<u>122.829.190</u>	<u>120.321.070</u>
Skuldir samtals		<u>126.732.285</u>	<u>124.224.165</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>205.761.878</u></u>	<u><u>191.184.130</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2021

	Skýr.	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða ársins	15	12.069.628	23.633.172
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna		(592.000)	0
Afskriftir	12	4.336.750	4.311.372
		<u>15.814.378</u>	<u>27.944.544</u>
		Veltufé frá rekstri	
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(906.049)	14.984.690
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		2.508.120	(39.025.564)
		<u>1.602.071</u>	<u>(24.040.874)</u>
		Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda	
		Handbært fé frá rekstri	
		<u>17.416.449</u>	<u>3.903.670</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	12	(9.332.726)	(2.048.145)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		1.200.000	0
		<u>(8.132.726)</u>	<u>(2.048.145)</u>
		Fjárfestingarhreyfingar	
Hækkun á handbæru fé		9.283.723	1.855.525
Handbært fé í ársbyrjun		<u>157.226.115</u>	<u>155.370.590</u>
Handbært fé í árslok		<u>166.509.838</u>	<u>157.226.115</u>

Skýringar

1. Stofnunin

Austurbrú er sjálfseignarstofnun (ses) sem stofnuð á grunni þekkingarnets Austurlands, Þróunarfélags Austurlands, Markaðsstofu Austurlands og Menningarráðs Austurlands.

Stofnunin starfar á grundvelli skipulagsskrár sem samþykkt var á stofnfundi þann 8. maí 2012 og ber ábyrgð á skuldbindingum sínum með öllum eignum sínum. Engin sérréttindi í stofnuninni tilheyra stofnendum hennar.

Reikningsskilaaðferðir

2. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður og birtur í íslenskum krónum. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

3. Innlausn tekna

Tekjur af framlögum eru færðar í rekstrarreikning í samræmi við samninga stofnunarinnar við ríki, sveitarfélög og aðra aðila. Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu á uppgjörstegi.

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisryrnun. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreiðar	3 - 5 ár
Skrifstofubúnaður	3 - 4 ár

5. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum eru færðir á kostnaðarverði, að frádreginni virðisryrnun, ef við á.

6. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapsáhættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðskiptakröfum í efnahagsreikningi.

7. Handbært fé

Handbært fé samanstendur af óbundnum bankainnstæðum og innstæðum sem bundnar eru til skemmri tíma en þriggja mánaða.

8. Fyrirframinnheimtar tekjur

Fyrirframinnheimtar tekjur vegna samningsbundinna verkefna námu 33,5 millj. kr. í árslok 2021 og er sú fjárhæð færðar meðal skammtímaskulda.

9. Framlög

Framlög greinast þannig:	2021	2020
Framlög frá Ríkissjóði Íslands til menntamála	95.989.564	92.680.000
- Grunnframlag	63.680.000	59.800.000
- Viðbótarframlag	30.000.000	30.000.000
- Sérstök úthlutun til háskólamála	2.309.564	2.880.000
Framlög frá Byggðastofnun	27.342.000	27.646.004
Framlög frá Ferðamálastofu	22.000.000	26.089.009
Framlög frá sveitarfélögum	43.610.398	40.694.177
Framlög samtals	188.941.962	187.109.190

Skýringar

10. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur greinast þannig:	2021	2020
Tekjur vegna háskóla og rannsókna	18.207.845	21.512.405
Tekjur vegna símenntunar	64.977.247	68.660.307
Tekjur vegna atvinnuþróunar og markaðsmála	160.265.852	85.174.741
Tekjur vegna sóknaráætlunar og sjóða	40.700.000	51.509.630
Tekjur vegna umsýslu SSA og SV-Aust	58.541.668	34.736.053
Aðrar tekjur	24.060.042	9.569.790
Aðrar tekjur samtals	<u>366.752.654</u>	<u>271.162.926</u>

11. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2021	2020
Laun	237.569.099	229.228.299
Mótframlag í lífeyrissjóð	31.181.798	30.575.648
Önnur launatengd gjöld	22.760.991	22.593.863
Áfallið orlof, breyting	4.310.008	(8.711.082)
Annar starfsmannakostnaður	3.888.071	2.694.125
Laun og launatengd gjöld samtals	<u>299.709.967</u>	<u>276.380.853</u>
Fjöldi starfsmanna í árslok	28,0	28,0
Fjöldi stöðugilda í árslok	25,9	26,4
Ársverk	24,6	26,2
Laun og launatengd gjöld framkvæmdastjóra og stjórnar	29.683.131	29.329.253

12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir félagsins greinast þannig:

	Bifreiðar	Skrifstofu- búnaður	Samtals
Heildarverð 1.1.2020.....	10.450.000	11.822.107	22.272.107
Viðbót á árinu	0	2.048.145	2.048.145
Heildarverð 31.12.2020.....	10.450.000	9.547.520	19.997.520
Viðbót á árinu	7.050.000	2.282.726	9.332.726
Selt á árinu	(6.080.000)	(1.950.032)	(8.030.032)
Heildarverð 31.12.2021.....	<u>11.420.000</u>	<u>9.880.214</u>	<u>21.300.214</u>
Afskrifað samtals 1.1.2020.....	7.398.900	6.637.258	14.036.158
Afskriftir ársins	1.305.300	3.006.072	4.311.372
Afskrifað samtals 31.12.2020.....	8.704.200	5.320.598	14.024.798
Afskriftir færðar út við sölu	(5.472.000)	(1.950.032)	(7.422.032)
Afskriftir ársins	1.878.750	2.458.000	4.336.750
Afskrifað samtals 31.12.2021.....	<u>5.110.950</u>	<u>5.828.566</u>	<u>10.939.516</u>
Bókfært verð 31.12.2020.....	1.745.800	4.226.922	5.972.722
Bókfært verð 31.12.2021.....	6.309.050	4.051.648	10.360.698
Afskriftahlutföll	20%-33%	25%-33%	

Skýringar

13. Stofnframlög og eignarhlutir í félögum

Stofnframlög og eignarhlutir í félögum greinast þannig:

	2021	
	Nafnverð	Bókfært verð
Þekkingarsetur, stofnframlag	200.000	200.000
Gunnarsstofnun, stofnframlag	140.000	140.000
Starfsendurhæfing Austurlands	0	100.000
Niðurfærsla eignahluta	0	(100.000)
	<u>340.000</u>	<u>340.000</u>

14. Niðurfærsla viðskiptakrafna

Niðurfærsla viðskiptakrafna greinist þannig:

	2021	2020
Niðurfærsla í ársbyrjun	3.068.251	3.212.587
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	(345.206)	(144.336)
Niðurfærsla í árslok	<u>2.723.045</u>	<u>3.068.251</u>

15. Yfirlit eiginfjárreikninga

	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2020.....	1.600.000	41.726.793	43.326.793
Hagnaður ársins		<u>23.633.172</u>	<u>23.633.172</u>
Eigið fé 31.12.2020.....	1.600.000	65.359.965	66.959.965
Hagnaður ársins	0	<u>12.069.628</u>	<u>12.069.628</u>
Eigið fé 31.12.2021.....	<u>1.600.000</u>	<u>77.429.593</u>	<u>79.029.593</u>

16. Tengdir aðilar

Aðal- og varamenn í stjórn stofnunarinnar auk æðstu stjórnenda eru skilgreindir sem tengdir aðilar stofnunarinnar. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórn þessara aðila.